



Dalabyggð

## SAMNINGUR

### UM AFNOT STARFSMANNA SLÖKKVILIÐS DALABYGGÐAR AF LÍKAMSRÆKTARSTÖÐINNI VESTURBRAUT 8

Samningur þessi gildir milli Dalabyggðar (kt. 510694-2019) og Ungmennafélagsins Ólafur pá (kt. 470380-0479) og er svohljóðandi:

#### 1. gr.

Samningi þessum er ætlað að efla og styrkja starfsmenn Slökkviliðs Dalabyggðar sem nýtist þeim í krefjandi starfi. Í starfi slökkviliðsmanna er gerð krafa um andlegt og líkamlegt heilbrigði, þar er regluleg hreyfing stór áhrifaþáttur. Það er vilji Dalabyggðar að búa yfir vel þjálfuðum og hraustum starfsmönnum innan raða slökkviliðsins og er samningur þessi liður í að efla bæði þá sem þar starfa sem einstaklinga en einnig liðið í heild.

#### 2. gr.

Í nafni Dalabyggðar hafa starfsmenn Slökkviliðs Dalabyggðar gjaldfrjálsan aðgang að líkamsræktarstöð Ungmennafélagsins Ólafs pá sem er til húsa að Vesturbraut 8.

#### 3. gr.

Slökkviliðsstjóri lætur forsvarsmönnum ungmennafélagsins í té lista yfir starfsmenn sem falla undir samning þennan. Viðkomandi starfsmenn hafa sjálfir samband við forsvarsmenn ungmennafélagsins og óska eftir að fá afhentan lykil í samræmi við samning þennan. Það er á ábyrgð ungmennafélagsins að afhenda lykla, skrá niður notendur og skila skráningu til Dalabyggðar fyrir 1. október ár hvert.

#### 4. gr.

Notandi sem fær aðgang að líkamsræktarstöðinni skv. samningi þessum er einum heimilt að nýta aðstöðuna og óheimilt að nýta lykilinn til að veita öðrum aðgang að aðstöðunni. Verði notandi uppvís að því að brjóta gegn þessum skilyrðum verður viðkomandi sviptur aðgangi. Það er á ábyrgð ungmennafélagsins að kynna notendum þessi skilyrði.

#### 5. gr.

Dalabyggð greiðir Ungmennafélaginu Ólafi pá fastan styrk að upphæð kr. 150.000 þegar félagið hefur skilað inn yfirliti yfir notendur í samræmi við 3. gr. og skal greiðsla fara fram eigi



# Dalabyggð

Síðar en 1. nóvember ár hvert. Fjárhæðin getur breyst skv. fjárhagsáætlun hvers árs út frá fjölda þeirra sem nota aðstöðuna. Forsendur verði endurmetnar fyrir 1. október ár hvert.

## 6. gr.

Samningur þessi tekur gildi við undirskrift hans og gildir til þriggja ára með fyrirvara um að þegar íþróttamannvirki í Búðardal verða tekin í notkun kann að verða breyting á fyrirkomulagi samnings þessa. Samningsaðilar geta lagt fram beiðni um endurskoðun samningsins með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Beiðni um endurskoðun á upphæð árlegs styrks þarf að koma fram fyrir 1. október vegna fjárhagsáætlunar komandi árs.

Búðardal 5/6 '24

Staður og dags.

Björn Bjarki Þorsteinsson  
F.h. Dalabyggðar

Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri

F. H. Umf. Ólafs pá

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

Skaptihver O Skapulchorse 0909743439

Nafn og kt.

Kristján Þyl Arnarson 091088-2669

Nafn og kt.